

## REGLUGERÐ

### um þvingunaraðgerðir varðandi Gíneu-Bissá.

#### 1. gr.

##### *Almenn ákvæði.*

Reglugerð þessi er sett til þess að framfylgja:

- a) ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, sem eru settar á grundvelli 41. gr. VII. kafla stofnskrár Sameinuðu þjóðanna,
- b) ákvörðunum framkvæmdanefnda þess um þvingunaraðgerðir og/eða
- c) ákvæðum um þvingunaraðgerðir sem íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að framfylgja á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórna aðildarríkja Evrópusambandsins og Fríverslunarsamtaka Evrópu um pólitísk skoðanaskipti sem er hluti sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, eftir því sem við á.

Í þeim gerðum sem vitnað er til í 2. gr., og öðrum ákvæðum reglugerðar þessarar, kemur fram um hvaða ályktanir öryggisráðsins, framkvæmdanefnda þess eða ályktanir Evrópusambandsins er að ræða, hverjar þær þvingunaraðgerðir sem koma eiga til framkvæmda eru og gegn hverjum þær beinast, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

#### 2. gr.

##### *Þvingunaraðgerðir.*

Eftirfarandi gerðir Evrópusambandsins um þvingunaraðgerðir skulu öðlast gildi hér á landi með þeirri aðlögun sem getið er um í 3. gr. Gerðirnar, ásamt viðaukum, eru birtar sem fylgiskjöl við reglugerð þessa:

- 1) ákvörðun ráðsins 2012/285/SSUÖ frá 31. maí 2012 um þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum einstaklingum, rekstrareiningum og stofnunum sem ógna friði, öryggi eða stöðugleika í Lýðveldinu Gíneu-Bissá og um niðurfellingu ákvörðunar 2012/237/SSUÖ, sbr. fylgiskjal 1;
- 2) framkvæmdarákvörðun ráðsins 2012/516/SSUÖ frá 24. september 2012 um framkvæmd ákvörðunar 2012/285/SSUÖ um þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum einstaklingum, rekstrareiningum og stofnunum sem ógna friði, öryggi eða stöðugleika í Lýðveldinu Gíneu-Bissá, sbr. fylgiskjal 2;
- 3) framkvæmdarákvörðun ráðsins 2013/293/SSUÖ frá 18. júní 2013 um framkvæmd ákvörðunar 2012/285/SSUÖ um þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum einstaklingum, rekstrareiningum og stofnunum sem ógna friði, öryggi eða stöðugleika í Lýðveldinu Gíneu-Bissá, sbr. fylgiskjal 3;
- 4) reglugerð ráðsins (ESB) nr. 377/2012 frá 3. maí 2012 um þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum einstaklingum, rekstrareiningum og stofnunum sem ógna friði, öryggi eða stöðugleika í Lýðveldinu Gíneu-Bissá, sbr. fylgiskjal 4;
- 5) framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 458/2012 frá 31. maí 2012 um framkvæmd ákvæðis 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 377/2012 um þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum einstaklingum, rekstrareiningum og stofnunum sem ógna friði, öryggi eða stöðugleika í Lýðveldinu Gíneu-Bissá, sbr. fylgiskjal 5;
- 6) framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 559/2013 frá 18. júní 2013 um framkvæmd ákvæðis 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 377/2012 um þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum einstaklingum, rekstrareiningum og stofnunum sem ógna friði, öryggi eða stöðugleika í Lýðveldinu Gíneu-Bissá, sbr. fylgiskjal 6.

Viðaukar við framangreindar gerðir eru birtir á frummáli, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Framangreindar gerðir binda einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir án frekari lögfestingar, eftir því sem við á, þ.m.t. ákvæði um viðskiptabann, landgöngubann og frystingu fjármuna.

## 3. gr.

*Aðlögun.*

Gerðir skv. 2. gr. skulu aðlagðar með eftirfarandi hætti:

- a) ákvæði varðandi ríkisborgara, einstaklinga, fyrirtæki, stjórnvöld, opinberar stofnanir, tungumál, yfirráðasvæði eða aðildarríki Evrópusambandsins („EB“, „ESB“, „bandalagsins“ eða „sameiginlega markaðarins“) eiga við um íslenska ríkisborgara, einstaklinga, fyrirtæki, stjórnvöld, opinberar stofnanir, tungumál, yfirráðasvæði eða Ísland, eftir því sem við á,
- b) ákvæði um tilkynningar eða skýrslugerðir til aðildarríkja Evrópusambandsins eða stofnana gilda ekki. Hið sama á við um ákvæði um gildistöku eða hvenær gerðir skuli koma til framkvæmda,
- c) tilvísanir í gerðir, sem eru hluti samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningsins), eiga við um þau ákvæði íslensks réttar sem innleiða þær gerðir, eftir því sem við á,
- d) tilvísanir í gerðir, sem eru ekki hluti EES-samningsins, eiga við um hliðstæð ákvæði íslensks réttar, eftir því sem við á, þ.m.t. ákvæði tollalaga nr. 88/2005,
- e) tilvísanir í eldri ákvæði um þvingunaraðgerðir Evrópusambandsins eiga við um eldri íslensk ákvæði, eftir því sem við á,
- f) vefsetur með upplýsingum um lögbær stjórnvöld á Íslandi er: [www.utn.is/thvingunaraðgerdir](http://www.utn.is/thvingunaraðgerdir).

## 4. gr.

*Tilkynning.*

Birting lista yfir aðila, sem nefndir eru í gerðum skv. 2. gr., skal skoðast sem tilkynning til þeirra um að þær þvingunaraðgerðir sem kveðið er á um í gerðunum beinist gegn þeim og er þeim bent á að þeir geti sótt um vissar undanþágur til utanríkisráðuneytisins eða óskað eftir afskráningu af listum, telji þeir sig ranglega skráða.

## 5. gr.

*Undanþágur frá þvingunaraðgerð.*

Ráðherra getur veitt undanþágur frá þvingunaraðgerðum, sem gripið hefur verið til, af mannúðarástæðum eða öðrum ástæðum. Hann getur m.a. heimilað að efndir séu samningar eða að fullnægt sé öðrum réttindum og skyldum sem fara í bága við reglugerð þessa, en stofnuðust fyrir gildistöku hennar.

## 6. gr.

*Viðurlög.*

Hver sá sem brýtur gegn þvingunaraðgerðum skv. lögum nr. 93/2008 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skal sæta viðurlögum skv. 10. gr. laganna, nema þyngri viðurlög liggja við samkvæmt öðrum lögum.

## 7. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

*Utanríkisráðuneytinu, 21. maí 2014.*

**Gunnar Bragi Sveinsson.**

*Einar Gunnarsson.*

**Fylgiskjal 1.**

**Ákvörðun ráðsins 2012/285/SSUÖ  
frá 31. maí 2012  
um þvingunaraðgerðir sem er beint gegn  
tilteknum einstaklingum, rekstrareiningum og stofnunum  
sem ógna friði, öryggi eða stöðugleika í Lýðveldinu Gíneu-Bissá  
og um niðurfellingu ákvörðunar 2012/237/SSUÖ.**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 3. maí 2012 samþykkti ráðið ákvörðun 2012/237/SSUÖ um þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum einstaklingum, rekstrareiningum og stofnunum sem ógna friði, öryggi eða stöðugleika í Lýðveldinu Gíneu-Bissá <sup>(1)</sup>.
- 2) Hinn 18. maí 2012 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 2048 (2012) þar sem lagt var ferðabann á þá einstaklinga sem leitast við að koma í veg fyrir enduruppbyggingu stjórnskipunar eða vinna að því að grafa undan stöðugleika í Lýðveldinu Gíneu-Bissá, einkum þá sem gegndu forystuhlutverki í valdaráninu 12. apríl 2012 og sem vinna að því, með aðgerðum sínum, að grafa undan réttarríkinu, draga úr forgangsrétti borgaralegra valdastofnana og stuðla að refsileysi og óstöðugleika í landinu.
- 3) Í ljósi hins alvarlega ástands í Lýðveldinu Gíneu-Bissá ber að bæta fleiri einstaklingum á listana yfir þá einstaklinga og rekstrareingar sem þvingunaraðgerðirnar, sem kveðið er á um í ákvörðun 2012/237/SSUÖ, taka til.
- 4) Því ber að láta ákvörðun þessa koma í stað ákvörðunar 2012/237/SSUÖ,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

1. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að inn á yfirráðasvæði þeirra komi eða um þau fari:
  - a) einstaklingar sem taldir eru upp í viðaukanum við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2048 (2012) og einstaklingar sem öryggisráðið eða nefndin, sem sett var á stofn skv. 9. mgr. ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2048 (2012) („nefndin“), hefur bætt við skv. 6. mgr. fyrrnefndrar ályktunar, sbr. listann í I. viðauka,
  - b) einstaklingar sem I. viðauki tekur ekki til og taka þátt í eða styðja aðgerðir sem ógna friði, öryggi eða stöðugleika í Lýðveldinu Gíneu-Bissá, ásamt einstaklingum sem þeim tengjast, sbr. listann í II. viðauka.
2. Ákvæði 1. mgr. skuldbinda ekki aðildarríki til að meina eigin ríkisborgurum komu inn á yfirráðasvæði þess.
3. Ákvæði a-liðar 1. mgr. gilda ekki ákveði nefndin eftirfarandi:
  - a) að ferð sé réttlæt看leg af mannúðarástæðum, þ.m.t. trúarlegar skyldur, eða
  - b) að undanþága myndi stuðla að friði og þjóðarsátt í Lýðveldinu Gíneu-Bissá og stöðugleika á svæðinu.
4. Ákvæði a-liðar 1. mgr. gilda ekki sé koma eða gegnumferð nauðsynleg til þess að dómsmeðferð geti farið fram.
5. Ákvæði b-liðar 1. mgr. hefur ekki áhrif á þau tilvik þegar aðildarríki er skuldbundið að þjóðarétti, nánar tiltekið:
  - a) sem gistiland alþjóðlegrar milliríkjastofnunar,
  - b) sem gistiland alþjóðlegrar ráðstefnu sem Sameinuðu þjóðirnar boða til eða fram fer á þeirra vegum,
  - c) samkvæmt marghliða samningi, þar sem kveðið er á um forréttindi og friðhelgi eða

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 119, 4.5.2012, bls. 43.

- d) samkvæmt sáttasamningnum frá 1929 (Lateran-samningnum) sem Páfastóll (Vatíkanið) og Ítalía gerðu sín í milli.
6. Ákvæði 5. mgr. eru einnig talin gilda þegar aðildarríki er gistiland Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (OSCE).
7. Ráðinu skal tilkynnt með viðeigandi hætti um öll tilvik þegar aðildarríki veitir undanþágu skv. 5. eða 6. mgr.
8. Aðildarríki geta veitt undanþágur frá þeim ráðstöfunum sem eru gerðar skv. b-lið 1. mgr. ef ferð er réttlætunleg af knýjandi mannúðarástæðu eða vegna þátttöku í ríkjafundum, þ.m.t. ríkjafundum sem Evrópusambandið styður eða fundum á vegum aðildarríkis, sem gegnir formennsku í ÖSE, þar sem fram fara stjórn málaumræður sem beinlínis stuðla að lýðræði, mannréttindum og meginreglunni um réttarríkið í Lýðveldinu Gíneu-Bissá.
9. Aðildarríki, sem óskar eftir að veita undanþágur er um getur í 8. mgr., skal tilkynna ráðinu það skriflega. Undanþágan skal teljast veitt nema einn eða fleiri fulltrúar ráðsins andmæli því skriflega innan tveggja virkra daga frá því tilkynning berst um fyrirhugaða undanþágu. Hreyfi einn fulltrúi ráðsins eða fleiri andmælum getur ráðið engu að síður ákveðið að veita fyrirhugaða undanþágu með auknum meirihluta.
10. Í þeim tilvikum, skv. 5., 6., 8. og 9. mgr., þegar aðildarríki heimilar komu einstaklinga, sem taldir eru upp í II. viðauka, inn á yfirráðasvæði sitt, eða för þeirra um það, skal heimildin takmörkuð við þann tilgang sem hún er veitt í og hlutaðeigandi einstaklinga.

## 2. gr.

1. Frysta ber alla fjármuni og efnahagslegan auð sem tilheyra, eru í eigu, vörslu eða undir stjórn einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem taka þátt í eða styðja aðgerðir sem ógna friði, öryggi eða stöðugleika í Lýðveldinu Gíneu-Bissá og einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem tengjast þeim, sbr. lista í III. viðauka.
2. Engir fjármunir eða efnahagslegur auður skal gerður aðgengilegur, beint eða óbeint, einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem eru á listanum í III. viðauka.
3. Lögbært stjórnvald í aðildarríki getur heimilað affrystingu tiltekinna frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur, samkvæmt þeim skilyrðum sem það telur við eiga, eftir að hafa ákvarðað að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður, sem um ræðir, sé:
- nauðsynlegur til að uppfylla grunnþarfir þeirra einstaklinga sem taldir er upp í III. viðauka og aðstandenda á framfæri þeirra, þ.m.t. greiðslur vegna matarkaupa, leigu eða veðlána, lyfja og lækningaferðar, skattheimtu, iðgjalda og opinberra þjónustugjalda,
  - einungis á að nota til að greiða hæfilega sérfræðiþóknun og til endurgreiðslu á kostnaði sem stofnað er til vegna lögfræðiþjónustu,
  - eingöngu ætlaður til að greiða þóknarnir eða þjónustugjöld fyrir venjubundna vörslu eða umsýslu frystra fjármuna og efnahagslegs auðs,
  - nauðsynlegur vegna óvenjulegra útgjalda, að því tilskildu að hið lögbæra stjórnvald hafi kunngjört öðrum lögbærum stjórnvöldum og framkvæmdastjórninni forsendurnar fyrir því að það telji að veita skuli sérstaka heimild, a.m.k. tveimur vikum áður en heimildin er veitt.

Aðildarríki skulu tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um leyfi sem eru veitt samkvæmt þessari málsgrein.

4. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. mega lögbær stjórnvöld í aðildarríki heimila að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:
- að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé bundinn veði af hálfu dómstóls, stjórnarsýslustofnunar eða gerðardóms, þ.e. veði sem var stofnað til fyrir þann dag þegar sá einstaklingur eða lögaðili sem um getur í 1. gr. var færður á listann í viðaukanum, eða bundinn úrskurði dómstóls, stjórnarsýslustofnunar eða gerðardóms sem var felldur fyrir þann dag,
  - að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður verði eingöngu notaður til að uppfylla kröfur, sem fyrrnefnt veð tryggir eða sem viðurkennt er að séu gildar samkvæmt fyrrnefndum dómi eða úrskurði, innan þeirra marka sem gildandi lög og reglur um réttindi þeirra einstaklinga sem eiga slíkar kröfur kveða á um,

- c) að veðið, dómsuppkvaðningin eða úrskurðurinn sé ekki í þágu einstaklings eða lögaðila, rekstrar-einingar eða stofnunar sem er tilgreind í listunum í I. viðauka,
- d) að viðurkenning veðsins eða úrskurðarins stríði ekki gegn allsherjarreglu í viðkomandi aðildarríki.

Aðildarríkin skulu tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um leyfi sem eru veitt samkvæmt þessari málsgrein.

5. Ákvæði 2. mgr. gildir ekki þegar eftirtaldir fjármunir eru lagðir inn á frysta reikninga:

- a) vextir eða aðrar tekjur af fyrrnefndum reikningum eða
- b) greiðslur sem ber að inna af hendi samkvæmt samningum, samkomulagi eða skuldbindingum sem var gengið frá fyrir þann dag þegar fyrrnefndir reikningar urðu viðfang ákvæða ákvörðunar þessarar,

að því tilskildu að slíkir vextir, aðrar tekjur og greiðslur falli áfram undir ákvæði 1. mgr.

### 3. gr.

1. Ráðið skal framfylgja breytingum á I. viðauka á grundvelli ákvarðana öryggisráðsins eða nefndarinnar.
2. Ráðið skal, að fram kominni tillögu aðildarríkis eða æðsta talsmanns sameiginlegrar stefnu ESB í utanríkis- og öryggismálum, samþykkja breytingar á listunum í II. og III. viðauka eftir því sem þörf krefur.
3. Ráðið skal tilkynna ákvörðun sína, m.a. ástæður þess að viðkomandi er færður á lista, þeim einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er færð á lista í III. viðauka, annaðhvort milliliðalaust, ef heimilisfang viðkomandi er þekkt, eða með útgáfu tilkynningar, þar sem fyrrnefndum einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun býðst að leggja fram athugasemdir sínar.
4. Ef athugasemdir eru gerðar eða traust, ný gögn lögð fram, skal ráðið endurskoða ákvörðun sína og upplýsa viðkomandi einstakling, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun um niðurstöðuna.

### 4. gr.

Evrópusambandið skal, í því skyni að þær aðgerðir sem eru settar fram í ákvörðun þessari hafi sem mest áhrif, hvetja þriðju ríki til að samþykkja þvingunaraðgerðir í líkingu við þær sem er að finna í ákvörðun þessari.

### 5. gr.

1. Endurskoða ber ákvörðun þessa, breyta henni eða fella hana úr gildi, eftir því sem við á, samkvæmt viðeigandi ákvörðunum öryggisráðs SP.
2. Endurskoða ber þær aðgerðir er um getur í b-lið 1. mgr. 1. gr. og 2. gr. með reglulegu millibili og a.m.k. á 12 mánaða fresti. Þær falla úr gildi gagnvart viðkomandi einstaklingum og rekstrareiningum, ákvarði ráðið, samkvæmt þeirri málsmæðferð er um getur í 2. mgr. 3. gr., að skilyrðin fyrir því að grípa til þeirra séu ekki lengur fyrir hendi.

### 6. gr.

Ákvörðun 2012/237/SSUÖ er hér með felld úr gildi.

### 7. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann dag sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 31. maí 2012.

*Fyrir hönd ráðsins,*

N. WAMMEN

*forseti.*

## I. VIDAUKI

## Listi yfir einstaklinga er um getur í a-lið 1. mgr. 1. gr.

|    | Nafn   | Identifying information (date and place of birth (d.o.b. and p.o.b.), passport/ID card number, etc.)  | Grounds for listing  |
|----|--|---|--|
| 1. | General António INJAI (aka António INDJAI)             | Nationality: Guinea-Bissau<br>d.o.b.: 20.1.1955<br>p.o.b.: Encheia, Sector de Bissorá, Região de Oio, Guiné-Bissau<br>Parentage: Wasna Injai and Quiritché Cofte<br>Official function: Lieutenant-General — Chief of Staff to the Armed Forces<br>Passport: Diplomatic passport<br>No AAID00435<br>Date of issue: 18.2.2010<br>Place of issue: Guinea-Bissau<br>Date of expiry: 18.2.2013 | António Injai was personally involved in planning and leading the mutiny of 1 April 2010, culminating with the illegal apprehension of the Prime Minister, Carlo Gomes Junior, and the then Chief of Staff of the Armed Forces, José Zamora Induta; during the 2012 electoral period, in his capacity as Chief of Staff of the Armed Forces, Injai made statements threatening to overthrow the elected authorities and to put an end to the electoral process; António Injai has been involved in the operational planning of the coup d'état of 12 April 2012. In the aftermath of the coup, the first communiqué by the "Military Command" was issued by the Armed Forces General Staff, which is led by General Injai. |
| 2. | Major General Mamadu TURE (N'KRUMAH)                   | Nationality — Guinea-Bissau<br>d.o.b. 26.4.1947<br>Official function: Deputy Chief of Staff to the Armed Forces<br>Diplomatic Passport No DA0002186<br>Date of issue: 30.3.2007<br>Place of issue: Guinea-Bissau<br>Date of expiry: 26.8.2013   | Member of the "Military Command" which has assumed responsibility for the coup d'état of 12 April 2012.  |
| 3. | General Estêvão NA MENA                                | d.o.b. 7.3.1956<br>Official function: Inspector-General of the Armed Forces   | Member of the "Military Command" which has assumed responsibility for the coup d'état of 12 April 2012.  |
| 4. | Brigadier-General Ibraima CAMARÁ (aka "Papa Camará")   | Nationality — Guinea-Bissau<br>d.o.b. 11.5.1964<br>Parentage: Suareba Camará and Sale Queita<br>Official function: Chief of Staff of the Air Force<br>Diplomatic Passport No AAID00437<br>Date of Issue: 18.2.2010<br>Place of issue: Guinea-Bissau<br>Date of expiry: 18.2.2013  | Member of the "Military Command" which has assumed responsibility for the coup d'état of 12 April 2012.  |
| 5. | Lieutenant-Colonel Daba NA WALNA (aka "Daba Na Walna") | Nationality — Guinea-Bissau<br>d.o.b. 6.6.1966<br>Parentage: Samba Nualna and In-Uasne Nanfafe<br>Official function: Spokesperson of the "Military Command"<br>Passport No SA 0000417<br>Date of issue: 29.10.2003<br>Place of issue: Guinea-Bissau<br>Date of expiry: 10.3.2013  | Spokesperson of the "Military Command" which has assumed responsibility for the coup d'état of 12 April 2012.  |

## II. VIÐAUKI

## Listi yfir einstaklinga er um getur í b-lið 1. mgr. 1. gr.

|    | Name                               | Identifying information (date and place of birth (d.o.b. and p.o.b.), passport /ID card number, etc.)  | Grounds for listing   | Date of designation |
|----|------------------------------------|--|---|---------------------|
| 1. | General Augusto MÁRIO CÓ           | Official function: Army Chief of Staff   | Member of the "Military Command" which has assumed responsibility for the coup d'état of 12 April 2012.   | 1.6.2012            |
| 2. | General Saya Braia Na NHAPKA       | Nationality: Guinea-Bissau<br>Official function: Chief of the Presidential Guard   | Member of the "Military Command" which has assumed responsibility for the coup d'état of 12 April 2012.   | 1.6.2012            |
| 3. | Colonel Tomás DJASSI               | Nationality: Guinea-Bissau<br>D.o.b.: 18. september 1968<br>Official function: Commander of the National Guard<br>Passport: AAIS00820<br>Date of issue: 24.11.2010<br>Place of issue: Guinea-Bissau<br>Date of expiry: 27.04.2012  | Member of the "Military Command" which has assumed responsibility for the coup d'état of 12 April 2012. Close advisor to Armed Forces Chief of Staff António Injai.   | 1.6.2012            |
| 4. | Colonel Cranha DANFÁ               | Nationality: Guinea-Bissau<br>Official function: Head of Operations of the Armed Forces Joint Staff  | Member of the "Military Command" which has assumed responsibility for the coup d'état of 12 April 2012. Close advisor to Armed Forces Chief of Staff António Injai.   | 1.6.2012            |
| 5. | Colonel Celestino de CARVALHO      | Nationality: Guinea-Bissau<br>D.o.b.: 14.06.1955<br>Parentage: Domingos de Carvalho e Josefa Cabral<br>Official function: President of the National Defence Institute<br>Passport: Diplomatic passport DA0002166<br>Date of issue: 19.02.2007<br>Place of issue: Guinea-Bissau<br>Date of expiry: 15.04.2013 | Member of the "Military Command" which has assumed responsibility for the coup d'état of 12 April 2012. Former Air Force Chief of Staff. His presence in a delegation which met with ECOWAS on April 26th confirms his participation in the "Military Command". | 1.6.2012            |
| 6. | Captain (Navy) Sanhá CLUSSÉ        | Nationality: Guinea-Bissau<br>Date of Birth: 28. september 1965<br>Parentage: Clusse Mutcha and Dalu Imbungue<br>Official function: Acting Navy Chief of Staff<br>Passport: SA 0000515<br>Date of issue: 08.12.2003<br>Place of issue: Guinea-Bissau<br>Date of expiry: 29.08.2013                           | Member of the "Military Command" which has assumed responsibility for the coup d'état of 12 April 2012. His presence in a delegation which met with ECOWAS on April 26th confirms his participation in the "Military Command".                                  | 1.6.2012            |
| 7. | Lieutenant-colonel Júlio NHATE     | Nationality: Guinea-Bissau<br>Year of Birth: 1972<br>Official function: Commander of the Paratroop Regiment  | Member of the "Military Command" which has assumed responsibility for the coup d'état of 12 April 2012. Lt Col Júlio Nhate conducted the military operation supporting the coup of 12 April 2012.   | 1.6.2012            |
| 8. | Lieutenant-colonel Tchipa NA BIDON | Nationality: Guinea-Bissau<br>Date of Birth: 28. maí 1954<br>Parentage: "Nabidom"<br>Official function: Head of the Military Intelligence<br>Passport: Diplomatic Passport DA0001564   | Member of the "Military Command" which has assumed responsibility for the coup d'état of 12 April 2012.   | 1.6.2012            |

|     |   |  |   |          |
|-----|---|--|---|----------|
|     |   | Date of issue: 30.11.2005<br>Place of issue: Guinea-Bissau<br>Date of expiry: 15.05.2011   |   |          |
| 9.  | Lieutenant-colonel<br>Tcham NA MAN<br>(a.k.a. Namam)        | Nationality: Guinea-Bissau<br>D.o.b.: 27. febrúar 1953<br>Parentage: Biute Naman and Ndjade Na Noa<br>Official function: Head of the Armed Forces Military Hospital<br>Passport: SA0002264<br>Date of issue: 24.07.2006<br>Place of issue: Guinea-Bissau<br>Date of expiry: 23.07.2009                         | Member of the "Military Command" which has assumed responsibility for the coup d'état of 12 April 2012. Lieutenant-colonel Tcham Na Man is also a member of the Military High Command.  | 1.6.2012 |
| 10. | Major Samuel<br>FERNANDES                                   | Nationality: Guinea-Bissau<br>Date of Birth: 22. janúar 1965<br>Parentage: José Fernandes e Segunda Iamite<br>Official function: Assistant to the Chief of Operations of the National Guard<br>Passport: AAIS00048<br>Date of issue: 24.03.2009<br>Place of issue: Guinea-Bissau<br>Date of expiry: 24.03.2012 | Member of the "Military Command" which has assumed responsibility for the coup d'état of 12 April 2012.   | 1.6.2012 |
| 11. | Major Idrissa DJALÓ   | Nationality: Guinea-Bissau<br>D.o.b.: 6. janúar 1962<br>Official function: Protocol advisor to the Armed Forces Chief of Staff   | Member of the "Military Command" which has assumed responsibility for the coup d'état of 12 April 2012. He was one of the first officers to publicly assume his affiliation to the "Military Command", having signed one of its first communiqués (no 5, dated April 13th). Major Djaló also serves in military intelligence. | 1.6.2012 |
| 12. | Commander (Navy)<br>Bion NA TCHONGO<br>(a.k.a. Nan Tchongo) | Nationality: Guinea-Bissau<br>D.o.b.: 8. apríl 1961<br>Parentage: Cunha Nan Tchongo and Bucha Natcham<br>Official function: Chief of the Naval Intelligence<br>Passport: Diplomatic passport<br>DA0001565<br>Date of issue: 01.12.2005<br>Place of issue: Guinea-Bissau<br>Date of expiry: 30.11.2008          | Member of the "Military Command" which has assumed responsibility for the coup d'état of 12 April 2012.   | 1.6.2012 |
| 13. | Commander (Navy)<br>Agostinho Sousa<br>CORDEIRO             | Nationality: Guinea-Bissau<br>D.o.b.: 28. maí 1962<br>Parentage: Luis Agostinho Cordeiro and Domingas Soares<br>Official function: Chief of Logistics of the Armed Forces Joint Staff<br>Passport: SA0000883<br>Date of issue: 14.04.2004<br>Place of issue: Guinea-Bissau<br>Date of expiry: 15.04.2013       | Member of the "Military Command" which has assumed responsibility for the coup d'état of 12 April 2012  | 1.6.2012 |
| 14. | Captain Paulo<br>SUNSAI                                     | Nationality: Guinea-Bissau<br>Official function: Assistant to the North Region Military Commander  | Member of the "Military Command" which has assumed responsibility for the coup d'état of 12 April 2012.   | 1.6.2012 |
| 15. | Lieutenant Lassana<br>CAMARÁ                                | Nationality: Guinea-Bissau<br>Official function: Chief of the Financial Services of the Armed Forces   | Member of the "Military Command" which has assumed responsibility for the coup d'état of 12 April 2012. Responsible   | 1.6.2012 |



|     |                        |   |   |          |
|-----|------------------------|---|---|----------|
|     |                        |   | for Misappropriation of public funds belonging to Customs, the Transports Directorate-General and the Border and Migration Directorate-General. These funds finance the "Military Command".   |          |
| 16. | Lieutenant Julio NAMAN | Nationality: Guinea-Bissau<br>Official function: Aide-de-Camp of the Chief of Staff of the Armed Forces | Member of the "Military Command" which has assumed responsibility for the coup d'état of 12 April 2012. Lt Na Man was active in the operational command of the 12 April coup, under orders from António Injai. He has also taken part, on behalf of the "Military Command", in meetings with political parties. | 1.6.2012 |

### III. VIÐAUKI

#### Listi yfir einstaklinga, aðila eða stofnanir er um getur í 2. gr.

Listinn er ekki birtur hér en þess í stað vísast í viðauka við framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) nr. 458/2012, sbr. fylgiskjal 5, og við framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) nr. 559/2013, sbr. fylgiskjal 6.

#### Fylgiskjal 2.

#### Framkvæmdarákvörðun ráðsins 2012/516/SSUÖ

frá 24. september 2012

#### um þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum einstaklingum, rekstrareiningum og stofnunum sem ógna friði, öryggi eða stöðugleika í Lýðveldinu Gíneu-Bissá.

Strika skal þá einstaklinga, sem eru á lista í viðaukanum við ákvörðun þessa, út af listanum sem er settur fram í II. viðauka við ákvörðun 2012/285/SSUÖ. Bæta skal þessum einstaklingum við listann sem er settur fram í I. viðauka við ákvörðun 2012/285/SSUÖ og skal breyta samsvarandi færslum eins og fram kemur í viðaukanum við ákvörðun þessa. (Efnisútdráttur).

### VIÐAUKI

#### Einstaklingar sem um getur í 1. gr.

|    | Name                           | Identifying information (date and place of birth (d.o.b. and p.o.b.), passport/ID card number, etc.)   | Grounds for listing  |
|----|--------------------------------|--|--|
| 1. | Captain (Navy)<br>Sanhá CLUSSÉ | Nationality: Guinea-Bissau<br>D.o.b.: 28.9.1965<br>Parentage: Clusse Mutchá and Dalu Imbungue<br>Official function: Acting Navy Chief of Staff<br>Passport: SA 0000515<br>Date of issue: 8.12.2003<br>Place of issue: Guinea-Bissau<br>Date of expiry: 29.8.2013 | Member of the 'Military Command' which has assumed responsibility for the coup d'état of 12 April 2012. Very close to António Injai. Sanhá Clussé integrated the 'Military Command' delegation that met with ECOWAS in Abidjan on 26 April 2012. |
| 2. | Colonel Cranha<br>DANFÁ        | Nationality: Guinea-Bissau<br>D.o.b.: 5.3.1957<br>Official function: Head of Operations of the Armed Forces Joint Staff  | Member of the 'Military Command' which has assumed responsibility for the coup d'état of 12 April 2012. Close advisor to Armed Forces Chief of Staff António Injai.  |

|    |  |  |   |
|----|--|--|---|
|    |  | Passport: AAIN29392<br>Date of issue: 29.9.2011<br>Place of issue: Guinea-Bissau<br>Date of expiry: 29.9.2016  |   |
| 3. | Major Idrissa DJALÓ                            | Nationality: Guinea-Bissau<br>D.o.b.: 6.1.1962<br>Official function: Protocol advisor to the Armed Forces Chief of Staff   | Point of Contact for the 'Military Command' which has assumed responsibility for the coup d'état of 12 April 2012 and one of its most active members. He was one of the first officers to publicly assume his affiliation to the 'Military Command', having signed one of its first communiqués (No 5, dated 13 April 2012). Major Djaló also belongs to the Military Intelligence. |
| 4. | Lieutenant-colonel Tchipa NA BIDON             | Nationality: Guinea-Bissau<br>D.o.b.: 28.5.1954<br>Parentage: 'Nabidom'<br>Official function: Head of Intelligence<br>Passport: Diplomatic Passport DA0001564<br>Date of issue: 30.11.2005<br>Place of issue: Guinea-Bissau<br>Date of expiry: 15.5.2011                       | Member of the 'Military Command' which has assumed responsibility for the coup d'état of 12 April 2012.   |
| 5. | Lieutenant-colonel Tcham NA MAN (a.k.a. Namam) | Nationality: Guinea-Bissau<br>D.o.b.: 27.2.1953<br>Parentage: Biute Naman and Nj Jade Na Noa<br>Official function: Head of the Armed Forces Military Hospital<br>Passport: SA0002264<br>Date of issue: 24.7.2006<br>Place of issue: Guinea-Bissau<br>Date of expiry: 23.7.2009 | Member of the 'Military Command' which has assumed responsibility for the coup d'état of 12 April 2012. Also a member of the Military High Command (highest hierarchy of the Bissau-Guinean Armed Forces).  |
| 6. | Lieutenant-colonel Júlio NHATE                 | Nationality: Guinea-Bissau<br>D.o.b.: 28.9.1965<br>Official function: Commander of the Paratroops Regiment   | Member of the 'Military Command' which has assumed responsibility for the coup d'état of 12 April 2012. A loyal ally of António Injai, Lt. Col. Júlio Nhate has the material responsibility for the 12 April 2012 coup, having conducted the military operation.  |

**Fylgiskjal 3.****Framkvæmdarákvörðun ráðsins 2013/293/SSUÖ**

frá 18. júní 2013

**um framkvæmd ákvörðunar 2012/285/SSUÖ um þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum einstaklingum, rekstrareiningum og stofnunum sem ógna friði, öryggi eða stöðugleika í Lýðveldinu Gíneu-Bissá.**

I. og III. viðauka við ákvörðun 2012/285/SSUÖ er hér með breytt í samræmi við viðaukann við ákvörðun þessa. (Efnisútdráttur).

## VIÐAUKI

Eftirfarandi komi í stað þeirra færslna sem varða neðangreindan einstakling í I. og III. viðauka við ákvörðun 2012/285/SSUÖ:

| Name                | Identifying information<br>(date and place of birth (d.o.b. and p.o.b.), passport/ID card number, etc.)  | Grounds for listing   | Date of designation |
|---------------------|--|---|---------------------|
| Major Idrissa DJALÓ | Nationality: Guinea-Bissau<br>D.o.b.: 18 December 1954<br>Official function: Protocol advisor to the Armed Forces Chief of Staff and subsequently, Colonel and Chief of Protocol of the Headquarters of the Armed Forces<br>Passport: AAISO40158<br>Date of issue: 2.10.2012<br>Place of issue: Guinea-Bissau<br>Date of expiry: 2.10.2015 | Point of Contact for the "Military Command" which has assumed responsibility for the coup d'état of 12 April 2012 and one of its most active members. He was one of the first officers to publicly assume his affiliation to the "Military Command", having signed one of its first communiqués (No 5, dated 13 April 2012). Major Djaló also belongs to the Military Intelligence. | 18.7.2012           |

**Fylgiskjal 4.****Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 377/2012****frá 3. maí 2012****um þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum einstaklingum, rekstrareiningum og stofnunum sem ógna friði, öryggi eða stöðugleika í Lýðveldinu Gíneu-Bissá.**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2012/237/SSUÖ um þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum einstaklingum, rekstrareiningum og stofnunum sem ógna friði, öryggi eða stöðugleika í Lýðveldinu Gíneu-Bissá <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta talsmanni sameiginlegrar stefnu ESB í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórninni,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í ákvörðun 2012/237/SSUÖ er kveðið á um samþykki þvingunaraðgerða gegn tilteknum einstaklingum, rekstrareiningum og stofnunum sem leitast við að koma í veg fyrir eða hindra friðsamlegt pólitískt ferli eða grípa til aðgerða sem grafa undan stöðugleika í Lýðveldinu Gíneu-Bissá. Þetta á einkum við um þá sem gegndu forystuhlutverki í uppreisninni 1. apríl 2010 og valdaráninu 12. apríl 2012 og halda með aðgerðum sínum áfram að grafa undan réttarríkinu og forgangsrétti borgaralegra valdastofnana. Aðgerðir þessar ganga meðal annars út á að frysta fjármuni og efnahagslegan auð einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga og stofnana sem eru á lista í viðauka við ákvörðun þessa.

2) Aðgerðir þessar falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og því, einkum til að tryggja að rekstraraðilar í öllum aðildarríkjunum beiti þeim með sama hætti, er löggjöf á vettvangi Evrópusambandsins nauðsynleg til þess að hrinda þeim í framkvæmd.

3) Með reglugerð þessari eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, einkum þeim sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, nánar tiltekið rétturinn til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns, rétturinn til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi og rétturinn til að vernda persónuupplýsingar. Beita ber ákvæðum reglugerðar þessarar með hliðsjón af þessum réttindum og meginreglum.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 119, 4.5.2012, bls. 43.

- 4) Vald til að breyta listanum í I. viðauka við reglugerð þessa skal vera í höndum ráðsins í ljósi þeirrar sérstöku ógnunar við frið og öryggi á alþjóðavísu sem ástandið í Gíneu-Bissá skapar og til þess að tryggja samræmi við gildandi aðferð við að breyta og endurskoða viðaukann við ákvörðun 2012/237/SSUÖ.
- 5) Ef breyta á listunum í I. viðauka við reglugerð þessa ætti jafnframt að kynna fyrir tilgreindum einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum forsendur fyrir færslu á lista, til þess að gera þeim kleift að gera athugasemdir. Komi fram athugasemdir eða séu ný, traust gögn lögð fram skal ráðið endurskoða ákvörðun sína í ljósi fyrrnefndra athugasemda og upplýsa hlutaðeigandi einstakling, rekstrareiningu eða stofnun um niðurstöðuna.
- 6) Vegna framkvæmdar reglugerðar þessarar og til að skapa sem mesta réttarvissu innan Evrópusambandsins skal birta nöfn og aðrar upplýsingar, sem máli skipta, um þá einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir sem til stendur að frysta fjármuni og efnahagslegan auð hjá samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar. Vinnsla persónuupplýsinga skal fara fram í samræmi við reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga<sup>(3)</sup> og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga.<sup>(4)</sup>
- 7) Reglugerð þessi öðlast gildi án tafar til þess að tryggt sé að þær aðgerðir sem þar er kveðið á um skili árangri.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „fjármunir“ merkir hvers kyns fjáreignir og ávinning, þ.m.t. en þó ekki eingöngu:
  - i. reiðufé, ávísanir, peningakröfur, víxla, póstávísanir og aðra greiðslugerðingar,
  - ii. inneignir hjá fjármálastofnunum eða öðrum rekstrareiningum, inneignir á reikningum, skuldir og fjárskuldbindingar,
  - iii. verðbréf eða skuldaskjöl, sem viðskipti eru með á almennum markaði og utan hans, þ.m.t. hlutabréf og eignarhluti, skírteini fyrir verðbréfum, skuldabréf, skuldaviðurkenningar, ábyrgðir, óverðtryggð skuldabréf og afleiðusamninga,
  - iv. vexti, arðgreiðslur eða aðrar tekjur eða verðmæti sem safnast upp vegna eigna eða myndast af eignum,
  - v. lánsviðskipti, rétt til skuldajöfnunar, tryggingar, fullnustuábyrgðir eða aðrar fjárskuldbindingar,
  - vi. kreditbréf, farmbréf, sölusamninga,
  - vii. skjöl sem færa sönnur á hlutdeild í sjóðum eða fjármunum.
- b) „frysting fjármuna“ merkir að koma í veg fyrir hvers konar flutning, yfirfærslu, breytingu, notkun á, aðgang að eða viðskipti með fjármuni á einhvern hátt sem myndi leiða til breytinga á umfangi þeirra, fjárhæð, staðsetningu, eignarrétti, eignarhaldi, eðli, áfangastað eða annarra breytinga sem gera notkun fjármuna mögulega, þ.m.t. stýring eignasafns,
- c) „efnahagslegur auður“ merkir hvers kyns eignir, hvort heldur efnislegar eða óefnislegar, lausafé eða fasteignir sem eru ekki fjármunir en unnt er að nota til að afla fjármuna, vöru eða þjónustu,
- d) „frysting efnahagslegs auðs“ merkir það að koma í veg fyrir hvers konar nýtingu efnahagslegs auðs í því skyni að afla fjármuna, vöru eða þjónustu, þ.m.t. en þó ekki eingöngu, með sölu, leigu eða veðsetningu hans,
- e) „yfirráðasvæði Evrópusambandsins“ merkir þau yfirráðasvæði sem sáttmálinn tekur til samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í sáttmálanum.

##### 2. gr.

1. Frysta ber alla fjármuni og efnahagslegan auð sem tilheyra, eru í eigu, vörslu eða undir stjórn einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem ráðið hefur, skv. 1. mgr. 2. gr. ákvörðunar 2012/237/SSUÖ, bent á að séu annaðhvort i. þátttakendur eða stuðningsaðilar aðgerða sem ógna friði, öryggi eða stöðugleika í Lýðveldinu Gíneu-Bissá eða ii. séu tengdir fyrrnefndum aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum, sbr. lista í I. viðauka.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

2. Engir fjármunir eða efnahagslegur auður skal gerður aðgengilegur, beint eða óbeint, einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem eru á listanum í I. viðauka.

3. Þátttaka, vitandi vits og af ásetningi, í starfsemi, sem miðar beint eða óbeint að því að sniðganga þær ráðstafanir er um getur í 1. og 2. mgr. eða sem leiðir til þess að þau verði sniðgengin, er bönnuð.

### 3. gr.

1. Í I. viðauka komi fram ástæður þess að aðilar, rekstrareiningar og stofnanir sem færð hafa verið á lista eru þar.

2. Í I. viðauka komi og fram nauðsynlegar upplýsingar, ef þær liggja fyrir, sem gera kleift að bera kennsl á viðkomandi einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir. Að því er einstaklinga varðar geta þessar upplýsingar verið nöfn þeirra, m.a. tökuheiti, fæðingardagur, -ár og -staður, þjóðerni, númer vegabréfs og kennivottorðs, kyn, heimilisfang, ef það er þekkt, og hlutverk eða starf. Að því er varðar lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir geta þessar upplýsingar verið, m.a. nöfn, skráningarstaður og -dagsetning, skráningarnúmer og starfsstöð.

### 4. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum, sbr. vefsetrin er um getur í II. viðauka, heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé:

- a) nauðsynlegur til að uppfylla grunnþarfir þeirra einstaklinga sem taldir er upp í I. viðauka og aðstandenda á framfæri þeirra, þ.m.t. greiðslur vegna matarkaupa, leigu eða veðlána, lyfja og læknis meðferðar, skattheimtu, iðgjalda og opinberra þjónustugjalda,
- b) einungis til að greiða hæfilega sérfræðiþóknun og til endurgreiðslu kostnaðar vegna lögfræðiþjónustu,
- c) eingöngu ætlaður til að greiða þóknun eða þjónustugjald fyrir venjubundna vörslu frysstra fjármuna eða efnahagslegs auðs eða umsýslu vegna þeirra eða hans eða
- d) nauðsynlegur vegna óvenjulegra útgjalda, að því tilskildu að viðkomandi aðildarríki, í þessu tilviki, hafi kunngjört öllum öðrum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni forsendurnar fyrir því að það telji að veita skuli sérstaka heimild, a.m.k. tveimur vikum áður en heimildin er veitt.

2. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem er veitt samkvæmt 1. mgr.

### 5. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum, sbr. vefsetrin er um getur í II. viðauka, heimilað að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- a) þeir fjármunir eða hinn efnahagslegi auður, er um ræðir, sé andlag dóms-, stjórnsýslu- eða gerðardómsveðs sem stofnaðist fyrir þann dag þegar sá einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun, er um getur í 2. gr., var færð á lista í I. viðauka eða sé andlag dómsuppkvaðningar eða úrskurðar stjórnsýslustofnunar eða gerðardóms fyrir þann dag,
- b) fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður, er um ræðir, verði eingöngu notaður til að uppfylla kröfur, sem fyrrnefnt veð tryggir eða sem viðurkennt er að séu gildar samkvæmt fyrrnefndum dómi eða úrskurði, innan þeirra marka sem gildandi lög og reglur um réttindi þeirra einstaklinga sem eiga slíkar kröfur kveða á um,
- c) veðið, dómsuppkvaðningin eða úrskurðurinn sé ekki í þágu einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á lista í I. viðauka og
- d) viðurkenning veðsins eða dómsins eða úrskurðarins stríði ekki gegn meginreglum réttarfars í viðkomandi aðildarríki.

2. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem er veitt samkvæmt 1. mgr.

### 6. gr.

1. Ákvæði 2. mgr. 2. gr. gildir ekki um innlögn eftirtalinna fjármuna á frysta reikninga:

- a) vaxta eða annarra tekna af fyrrnefndum reikningum eða

- b) greiðslna samkvæmt samningum, samkomulagi eða skuldbindingum sem voru gerðir eða stofnuðust fyrir þann dag þegar viðkomandi einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir, er um getur í 2. gr., voru færðar á lista í I. viðauka,

að því tilskildu að slíkir vextir, aðrar tekjur og greiðslur séu fryst skv. 1. mgr. 2. gr.

2. Ákvæði 2. mgr. 2. gr. koma ekki í veg fyrir að fjármála- eða lánastofnanir í Evrópusambandinu færi fé til tekna á frystum reikningum, veiti þær viðtöku fjármunum sem eru yfirfærðir á reikning einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem er á lista, að því tilskildu að viðbótarinnlagnir á slíka reikninga verði einnig frystar. Hlutaðeigandi fjármála- eða lánastofnun skal tilkynna viðkomandi lögbærum stjórnvöldum um þess háttar viðskipti án tafar.

#### 7. gr.

1. Að frysta fjármuni og efnahagslegan auð eða að synja um aðgang að fjármunum eða efnahagslegum auði, gert í góðri trú á þeirri forsendu að slík aðgerð sé í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar, skapar þeim einstaklingum, lögaðilum eða rekstrareiningum eða stofnunum sem annast framkvæmd slíkrar aðgerðar eða stjórnendum hans eða hennar eða starfsmönnum ekki ábyrgð af neinu tagi, nema sannað þyki að fjármunirnir og hinn efnahagslegi auður hafi verið frystir eða synjað hafi verið um aðgang að þeim af gáleysi.

2. Bannið skv. 2. mgr. 2. gr. skapar þeim einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum og stofnunum sem veittu aðgang að fjármunum eða hinum efnahagslega auði ekki ábyrgð af neinu tagi, ef þessir aðilar vissu ekki, og höfðu enga réttmæta ástæðu til að ætla, að aðgerðir þeirra myndu fara í bága við það bann er um ræðir.

#### 8. gr.

1. Einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir skulu, með fyrirvara um gildandi reglur um skýrslugjöf, trúnaðarkvöð og þagnarskyldu:

- a) beina, án tafar, öllum upplýsingum, sem myndu greiða fyrir því að unnt sé að fara að ákvæðum reglugerðar þessarar, t.d. upplýsingum um reikninga og fjárhæðir, sem eru fryst skv. 2. gr., til viðkomandi lögbærs stjórnvalds í því aðildarríki þar sem þeir eða þær hafa heimilisfesti eða eru staðsettir eða staðsettar og senda framkvæmdastjórninni þessar upplýsingar millilíðalaust eða fyrir atbeina fyrrnefnds lögbærs stjórnvalds,
- b) vinna með fyrrnefndu lögbæru stjórnvaldi að því að sannreyna upplýsingarnar.

2. Allar upplýsingar, sem eru láttnar í té eða veitt viðtaka samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, eru eingöngu ætlaðar til notkunar í sama tilgangi og leiddi til þess að þær voru veittar eða þeim veitt viðtaka.

#### 9. gr.

Framkvæmdastjórnin og aðildarríki skulu, án tafar, upplýsa hvort annað um þær ráðstafanir sem gripið er til samkvæmt reglugerð þessari og veita hvort öðru aðrar upplýsingar, sem máli skipta í tengslum við reglugerð þessa, einkum upplýsingar um brot á ákvæðum hennar og vandkvæði við framkvæmd, ásamt upplýsingum um dóma sem innlendir dómstólar kveða upp.

#### 10. gr.

Framkvæmdastjórnin hefur umboð til að gera breytingar á II. viðauka á grundvelli upplýsinga sem aðildarríkin láta í té.

#### 11. gr.

1. Ákveði ráðherraráðið að þær ráðstafanir er um getur í 1. mgr. 2. gr. skuli varða tiltekinn einstakling, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, skal það gera viðeigandi breytingar á I. viðauka.

2. Ráðið skal tilkynna ákvörðun sína, m.a. ástæðu þess að viðkomandi er færður á lista, þeim einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun er um getur í 1. mgr., annaðhvort millilíðalaust, sé heimilisfang viðkomandi þekkt, eða með útgáfu tilkynningar, þar sem fyrrnefndum einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun býðst að leggja fram athugasemdir sínar.

3. Ef athugasemdir eru gerðar eða traust, ný gögn lögð fram, skal ráðið endurskoða ákvörðun sína og upplýsa viðkomandi einstakling, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun um niðurstöðuna.

4. Endurskoða ber listann í I. viðauka með reglulegu millibili og a.m.k. á 12 mánaða fresti.

## 12. gr.

1. Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum á ákvæðum reglugerðar þessarar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, meðalhófskennd og hafa varnaðaráhrif.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar reglur strax eftir að reglugerð þessi öðlast gildi og tilkynna henni um allar breytingar sem kunna að verða gerðar síðar á þeim.

## 13. gr.

Þar sem reglugerð þessi kveður á um að senda skuli framkvæmdastjórninni tilkynningar eða upplýsingar eða hafa samband við hana á annan hátt, skulu heimilisföng og aðrar samskiptaupplýsingar, sem nota skal til slíkra samskipta, vera þau sem gefin eru upp í II. viðauka.

## 14. gr.

Reglugerð þessi gildir:

- a) á yferráðasvæði Evrópusambandsins, þ.m.t. í loftþrymi þess,
- b) um borð í loftförum eða skipum sem lögsaga aðildarríkis nær til,
- c) um sérhvern einstakling, innan eða utan yferráðasvæðis Evrópusambandsins, sem er ríkisborgari í aðildarríki,
- d) um sérhvern lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er skráð eða er löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis,
- e) um sérhvern lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun að því er varðar viðskipti sem fara fram, að öllu leyti eða að hluta, innan Evrópusambandsins.

## 15. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. maí 2012.

*Fyrir hönd ráðsins,*

N. WAMMEN

*forseti.*

*I. VIÐAUKI*

**Listi yfir einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir er um getur í 1. og 2. mgr. 2. gr.**

Listinn er ekki birtur hér en þess í stað visast í viðauka við framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) nr. 458/2012, sbr. fylgiskjal 5.

*II. VIÐAUKI*

**Vefsetur með upplýsingum um þau lögbæru stjórnvöld í aðildarríkjunum er um getur í 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 8. gr., ásamt heimilisföngum vegna tilkynninga til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.**

Viðaukinn er ekki birtur hér þar sem hann á ekki við, sbr. f-lið 3. gr. reglugerðar þessarar.

**Fylgiskjal 5.****Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB)****nr. 458/2012 frá 31. maí 2012****um framkvæmd 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 377/2012****um framkvæmd ákvörðunar 2012/285/SSUÖ um þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum einstaklingum, rekstrareiningum og stofnunum sem ógna friði, öryggi eða stöðugleika í Lýðveldinu Gíneu-Bissá.**

Í stað listans, sem er settur fram í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 377/2012, komi listinn í viðaukanum. (Efnisútdráttur).

*VIÐAUKI***Listi yfir einstaklinga sem vísað er til í 1. gr.**

|    | <b>Name</b>   | <b>Identifying information (date and place of birth (d.o.b. and p.o.b.), passport /ID card number, etc.)</b>  | <b>Grounds for listing</b>  | <b>Date of designation</b> |
|----|---|---|---|----------------------------|
| 1. | General António INJAI (a.k.a. António INDJAI)           | Nationality: Guinea-Bissau<br>d.o.b.: 20 January 1955<br>p.o.b.: Encheia, Sector de Bissorá, Região de Oio, Guiné-Bissau<br>Parentage: Wasna Injai and Quiritche Cofte<br>Official function: Lieutenant General Chief of Staff to the Armed Forces<br>Passport: Diplomatic passport AAID00435<br>Date of issue: 18/02/2010<br>Place of issue: Guinea-Bissau<br>Date of expiry: 18/02/2013 | António Injai was personally involved in planning and leading the mutiny of 1 April 2010, culminating with the illegal apprehension of the Prime Minister, Carlo Gomes Junior, and the then Chief of Staff of the Armed Forces, José Zamora Induta; during the 2012 electoral period, in his capacity as Chief of Staff of the Armed Forces, Injai made statements threatening to overthrow the elected authorities and to put an end to the electoral process; António Injai has been involved in the operational planning of the coup d'état of 12 April 2012.<br>In the aftermath of the coup, the first communiqué by the "Military Command" was issued by the Armed Forces General Staff, which is led by General Injai. | 3.5.2012                   |
| 2. | Major General Mamadu TURE (N'KRUMAH)                    | Nationality – Guinea-Bissau<br>d.o.b. 26 April 1947<br>Official function: Deputy Chief of Staff to the Armed Forces<br>Diplomatic Passport no DA0002186<br>Date of issue: 30.03.2007<br>Place of issue: Guinea-Bissau<br>Date of expiry: 26.08.2013   | Member of the "Military Command" which has assumed responsibility for the coup d'état of 12 April 2012.   | 3.5.2012                   |
| 3. | General Estêvão NA MENA                                 | d.o.b. 07 March 1956<br>Official function: Inspector-General of the Armed Forces  | Member of the "Military Command" which has assumed responsibility for the coup d'état of 12 April 2012.   | 3.5.2012                   |
| 4. | Brigadier General Ibraima CAMARA (a.k.a. "Papa Camara") | Nationality – Guinea-Bissau<br>d.o.b. 11 May 1964<br>Parentage: Suareba Camara and Sale Queita<br>Official function: Chief of Staff of the Air Force<br>Diplomatic Passport no AAID00437<br>Date of Issue: 18.02.2010<br>Place of issue: Guinea-Bissau<br>Date of expiry: 18.02.2013  | Member of the "Military Command" which has assumed responsibility for the coup d'état of 12 April 2012.   | 3.5.2012                   |



|     |   |  |  |          |
|-----|---|--|--|----------|
| 5.  | Lieutenant colonel<br>Daba NA WALNA<br>(a.k.a. "Daba Na<br>Walna) | Nationality – Guinea-Bissau<br>d.o.b. 6 June 1966<br>Parentage: Samba Naulna<br>and In-Uasne Nanfafe<br>Official function:<br>Spokesperson of the<br>"Military Command"<br>Passport no SA 0000417<br>Date of issue: 29.10.2003<br>Place of issue: Guinea-<br>Bissau<br>Date of expiry: 10.03.2013                              | Spokesperson of the "Military Command"<br>which has assumed responsibility for the coup<br>d'état of 12 April 2012.  | 3.5.2012 |
| 6.  | General Augusto<br>MÁRIO CÔ                                       | Official function: Army<br>Chief of Staff.   | Member of the "Military Command" which has<br>assumed responsibility for the coup d'état of 12<br>April 2012.  | 3.5.2012 |
| 7.  | General Saya Braia<br>Na NHAPKA                                   | Nationality: Guinea-Bissau<br>Official function: Chief of<br>the Presidential Guard  | Member of the "Military Command" which has<br>assumed responsibility for the coup d'état of 12<br>April 2012.  | 1.6.2012 |
| 8.  | Colonel Tomás<br>DJASSI   | Nationality: Guinea-Bissau<br>D.o.b.: 18 September 1968<br>Official function:<br>Commander of the National<br>Guard<br>Passport: AAIS00820<br>Date of issue: 24.11.2010<br>Place of issue: Guinea-<br>Bissau<br>Date of expiry: 27.04.2012   | Member of the "Military Command" which has<br>assumed responsibility for the coup d'état of 12<br>April 2012. Close advisor to Armed Forces<br>Chief of Staff António Injai.   | 1.6.2012 |
| 9.  | Colonel Cranha<br>DANFÁ   | Nationality: Guinea-Bissau<br>Official function: Head of<br>Operations of the Armed<br>Forces Joint Staff  | Member of the "Military Command" which has<br>assumed responsibility for the coup d'état of 12<br>April 2012. Close advisor to Armed Forces<br>Chief of Staff António Injai.   | 1.6.2012 |
| 10. | Colonel Celestino<br>de CARVALHO                                  | Nationality: Guinea-Bissau<br>D.o.b.: 14 June 1955<br>Parentage: Domingos de<br>Carvalho e Josefa Cabral<br>Official function: President<br>of the National Defence<br>Institute<br>Passport: Diplomatic<br>passport DA0002166<br>Date of issue: 19.02.2007<br>Place of issue: Guinea-<br>Bissau<br>Date of expiry: 15.04.2013 | Member of the "Military Command" which has<br>assumed responsibility for the coup d'état of 12<br>April 2012. Former Air Force Chief of Staff.<br>His presence in a delegation which met with<br>ECOWAS on April 26th confirms his<br>participation in the "Military Command". | 1.6.2012 |
| 11. | Captain (Navy)<br>Sanhá CLUSSE                                    | Nationality: Guinea-Bissau<br>Date of Birth: 28 September<br>1965<br>Parentage: Clusse Mutchu<br>and Dalu Imbungue<br>Official function: Acting<br>Navy Chief of Staff<br>Passport: SA 0000515<br>Date of issue: 08.12.2003<br>Place of issue: Guinea-<br>Bissau<br>Date of expiry: 29.08.2013                                 | Member of the "Military Command" which has<br>assumed responsibility for the coup d'état of 12<br>April 2012. His presence in a delegation which<br>met with ECOWAS on April 26th confirms his<br>participation in the "Military Command".                                     | 1.6.2012 |
| 12. | Lieutenant-colonel<br>Júlio NHATE                                 | Nationality: Guinea-Bissau<br>Year of Birth: 1972<br>Official function:<br>Commander of the Paratroop<br>Regiment  | Member of the "Military Command" which has<br>assumed responsibility for the coup d'état of 12<br>April 2012. Lt Col Júlio Nhate conducted the<br>military operation supporting the coup of 12<br>April 2012.  | 1.6.2012 |

|     |   |  |  |          |
|-----|---|--|--|----------|
| 13. | Lieutenant-colonel<br>Tchipa NA BIDON                         | Nationality: Guinea-Bissau<br>Date of Birth: 28 May 1954<br>Parentage: "Nabidom"<br>Official function: Head of the Military Intelligence<br>Passport: Diplomatic<br>Passport DA0001564<br>Date of issue: 30.11.2005<br>Place of issue: Guinea-Bissau<br>Date of expiry: 15.05.2011                             | Member of the •Military Command• which has assumed responsibility for the coup d'état of 12 April 2012.  | 1.6.2012 |
| 14. | Lieutenant-colonel<br>Tcham NA MAN<br>(a.k.a. Namam)          | Nationality: Guinea-Bissau<br>D.o.b.: 27 February 1953<br>Parentage: Biute Naman and Ndjade Na Noa<br>Official function: Head of the Armed Forces Military Hospital<br>Passport: SA0002264<br>Date of issue: 24.07.2006<br>Place of issue: Guinea-Bissau<br>Date of expiry: 23.07.2009                         | Member of the •Military Command• which has assumed responsibility for the coup d'état of 12 April 2012. Lieutenant-colonel Tcham Na Man is also a member of the Military High Command.   | 1.6.2012 |
| 15. | Major Samuel<br>FERNANDES                                     | Nationality: Guinea-Bissau<br>Date of Birth: 22 January 1965<br>Parentage: José Fernandes e Segunda Iamite<br>Official function: Assistant to the Chief of Operations of the National Guard<br>Passport: AAIS00048<br>Date of issue: 24.03.2009<br>Place of issue: Guinea-Bissau<br>Date of expiry: 24.03.2012 | Member of the •Military Command• which has assumed responsibility for the coup d'état of 12 April 2012.  | 1.6.2012 |
| 16. | Major Idrissa<br>DJALÓ  | Nationality: Guinea-Bissau<br>D.o.b.: 06 January 1962<br>Official function: Protocol advisor to the Armed Forces Chief of Staff  | Member of the "Military Command" which has assumed responsibility for the coup d'état of 12 April 2012. He was one of the first officers to publicly assume his affiliation to the "Military Command", having signed one of its first communiqués (no5, dated April 13th). Major Djaló also serves in military intelligence. | 1.6.2012 |
| 17. | Commander (Navy)<br>Bion NA<br>TCHONGO (a.k.a.<br>Nan Tchongo | Nationality: Guinea-Bissau<br>D.o.b.: 8 April 1961<br>Parentage: Cunha Nan Tchongo and Bucha Natcham<br>Official function: Chief of the Naval Intelligence<br>Passport: Diplomatic<br>passport DA0001565<br>Date of issue: 01.12.2005<br>Place of issue: Guinea-Bissau<br>Date of expiry: 30.11.2008           | Member of the •Military Command• which has assumed responsibility for the coup d'état of 12 April 2012.  | 1.6.2012 |
| 18. | Commander (Navy)<br>Agostinho Sousa<br>CORDEIRO               | Nationality: Guinea-Bissau<br>D.o.b.: 28 May 1962<br>Parentage: Luis Agostinho Cordeiro and Domingas Soares<br>Official function: Chief of Logistics of the Armed Forces Joint Staff   | Member of the •Military Command• which has assumed responsibility for the coup d'état of 12 April 2012   | 1.6.2012 |

|     |                           |   |   |          |
|-----|---------------------------|---|---|----------|
|     |                           | Passport: SA0000883<br>Date of issue: 14.04.2004<br>Place of issue: Guinea-Bissau<br>Date of expiry: 15.04.2013 |   |          |
| 19. | Captain Paulo SUNSAI      | Nationality: Guinea-Bissau<br>Official function: Assistant to the North Region Military Commander               | Member of the •Military Command• which has assumed responsibility for the coup d'état of 12 April 2012.   | 1.6.2012 |
| 20. | Lieutenant Lassana CAMARÁ | Nationality: Guinea-Bissau<br>Official function: Chief of the Financial Services of the Armed Forces            | Member of the •Military Command• which has assumed responsibility for the coup d'état of 12 April 2012. Responsible for Misappropriation of public funds belonging to Customs, the Transports Directorate-General and the Border and Migration Directorate-General. These funds finance the “Military Command”. | 1.6.2012 |
| 21. | Lieutenant Julio NA MAN   | Nationality: Guinea-Bissau<br>Official function: Aide-de-Camp of the Chief of Staff of the Armed Forces         | Member of the •Military Command• which has assumed responsibility for the coup d'état of 12 April 2012. Lt Na Man was active in the operational command of the 12 April coup, under orders from António Injai. He has also taken part, on behalf of the “Military Command”, in meetings with political parties. |          |

**Fylgiskjal 6.****Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB)****nr. 559/2013 frá 18. júní 2013****um framkvæmd ákvæðis 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 377/2012****um þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum einstaklingum, rekstrareiningum og stofnunum sem ógna friði, öryggi eða stöðugleika í Lýðveldinu Gíneu-Bissá.**

Breyta skal I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 377/2012 eins og fram kemur í viðaukanum við reglugerð þessa. (Efnisútdráttur).

*VIÐAUKI*

Eftirfarandi komi í stað færslunnar viðvíkjandi neðangreindum einstaklingi í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 377/2012:

| Name                | Identifying information (date and place of birth (d.o.b. and p.o.b.), passport/ID card number, etc.)   | Grounds for listing   | Date of designation |
|---------------------|--|---|---------------------|
| Major Idrissa DJALÓ | Nationality: Guinea-Bissau<br>D.o.b.: 18 December 1954<br>Official function: Protocol advisor to the Armed Forces Chief of Staff and subsequently, Colonel and Chief of Protocol of the Headquarters of the Armed Forces<br>Passport: AAISO40158<br>Date of issue: 2.10.2012<br>Place of issue: Guinea-Bissau<br>Date of expiry: 2.10.2015 | Point of Contact for the “Military Command” which has assumed responsibility for the coup d'état of 12 April 2012 and one of its most active members. He was one of the first officers to publicly assume his affiliation to the “Military Command”, having signed one of its first communiqués (No 5, dated 13 April 2012). Major Djaló also belongs to the Military Intelligence. | 18.7.2012           |